

## GLG-2017-10 Fuglaskoðunarhús

Umsækjandi er Sigurður Bjarnason. Grímsey er mjög vinsæll áningarstaður fuglaskoðunarfólks frá öllum heimshornum og víða í eyggi er hægt að komast í návígi við fugla. Eins og er þá er engin aðstaða fyrir fólk til þess að koma sér fyrir í og fylgjast með fuglunum. Markmið verkefnisins er að hanna og smíða „prótótypu“ af fuglaskoðunarhúsi sem hentar til fuglaskoðunar í Grímsey. Lagt er upp með að hannað verði lítið fuglaskoðunarhús með rými fyrir 1-2 menn og aðstöðu fyrir myndavél. Sótt er um styrk að upphæð kr. 500.000 til hönnunar og smíði á prótótýpu af fuglaskoðunarhúsi.

Svona verkefni fellur vel að markmiðum verkefnisins Glæðum Grímsey, sérstaklega þegar kemur að eflingu Grímseyjar sem ferðamannastaðar.

Verkefninu var úthlutað 450.000 kr.- í seinni úthlutun ársins 2017.